

# Fréttir af flutningum

2. tbl. 12. árg. nóvember 2002

Hafnarsvæði Samskipa:

## Aukin þjónusta á hafnarbakknum

Ný frystigeymsla Samskipa í Sundahöfn verður tekin í notkun í lok maí 2003. Geymslan er hönnuð til að þjóna fjölveiðiskipum, enda gerð fyrir heilfarma. Hún er staðsett við hliðina á núverandi frystigeymslu Samskipa, Ísheimum, á Vogabakka.



Svona mun nýja hafnarsvæðið líta út.

Nýja geymslan er frábrugðin Ísheimum að því leyti að allri vöru er frístaflað í henni. Hún er því gerð fyrir færri en stærri sendingar. Frístöflun er hagkvæmari fyrir ýmsar fisktegundir svo sem síld, loðnu, kolmunna, karfa og japansrækju.

Með því að byggja þessa tegund af frystigeymslu geta Samskip boðið upp á geymslu fyrir stóra farma með lágum geymslukostnaði og fyrsta flokks meðhöndlun á vörunni.

Geymslan verður í sómu hæð og bryggjan

til að auðvelda allan akstur lyftara að og frá bryggju. Farmur frystiskipa verður losaður á bryggjuna, flokkaður og keyrður beint inn í geymsluna. Öll bretti verða vigtuð, plöstuð og merkt með strikamerki áður en þau fara inn. Á sama hátt verður hægt að lesta frystiflutningaskip beint úr geymslunni. Þá er gert ráð fyrir að lesta í flutningabíla og gáma úr frystigeymslunni. Nýja geymslan tekur um 3.000 tonn og er hönnuð þannig að auðveldlega má stækka hana í 6.000 tonn.

### Ný landfylling

#### bætir löndunarpjónustu

Ný landfylling á hafnarsvæði Samskipa í Sundahöfn hefur bætt alla löndunaraðstöðu félagsins til muna. Afkastageta við löndun hefur aukist og geta Samskip nú með góðu móti afgreitt fjóra togara í einu á Holtabakka og Vogabakka. Landfyllingar-svæðið er 22.794 fermetrar. Hluti landfyllingar er lenging á Vogabakka um 155 metra. Samtals eru því viðlegukantar hjá Samskipum orðnir 495 metrar.

Í framhaldi af þessum framkvæmdum fluttu Samskip aðalviðlegukant frá Holtabakka yfir á Vogabakka. Þar er dýpi meira en við Holtabakka, eða 8,5 metrar og viðlega lengri, eða 355 metrar. Það hentar vel fyrir togara og önnur fiskiskip. Mikil umferð er jafnan af togurum á hafnarsvæðinu og landa þeir bæði í frystigeymslu Ísheima og frystigáma.

„Með landfyllingunni höfum við líka fengið hagkvæmara svæði fyrir gáma-völl,“ segir Guðmundur Óskarsson, deildarstjóri gáma-valladeildar Samskipa. „Svæðið er breiðara en eldra svæðið og gáma-stæðurnar eru nær bryggjunni sem eykur afköstin við lestun og losun á gámaskipum félagsins, en á landfyllingunni getum við geymt rúmlega 2.500 tuttugu feta gámaeiningar. Við færðum fyrstu gámana út á uppfyllinguna í septemberbyrjun.“

## Viðskiptavinagreining – helstu niðurstöður:

### Almenn ánægja með þjónustuna

Viðskiptavinir eru almennt mjög ánægðir með þjónustu Samskipa, Landflutninga og Jóna Transport og er ánægjan með þessi félög nokkuð jöfn. Þjónustulipurð starfsmanna fær líka góða einkunn.

Þetta kom fram í könnun sem Samskip gerðu meðal viðskiptavina sinna í vor. Markmið könnunarinnar var að kanna afstöðu viðskiptavina til þjónustu Sam-

skipa og jafnframt að fá fram þá þætti sem betur mega fara í starfsemi félagsins og í samskiptum við viðskiptavini. Niðurstöðunum er síðan ætlað að aðstoða

starfsmenn og stjórnendur við að gera enn betur.

Helstu niðurstöður voru þær að viðskiptavinir eru almennt mjög ánægðir með þjónustuna. Hægt var að greina svör eftir því við hvern var verið að skipta, hvort viðskiptin væru mikil eða lítil og hvort viðskiptasambandið hefði varað langan eða skamman tíma. Ekki mældist marktækur munur milli þessara þátta.

Almennt er talið að vel sé tekið á kvörtunum ef bera þurfi þær upp og að þjónustulipurð starfsfólks sé mjög eða frekar góð.

# „Vinalegt fyrirtæki en rekið af fagmennsku“

– segir nýr framkvæmdastjóri Samskipa í Bretlandi

Simon Dwyer tók við starfi framkvæmdastjóra Samskipa Ltd. í Bretlandi í ágúst. Simon er vel kunnugur skipaflutningum og flutningsmiðlun almennt. Hann starfaði áður hjá Tor Line í Immingham og þar áður hjá Olsen Lines og Exxtor Group sem reka hafnar- aðstöðu Samskipa í Immingham.



Frá undirritun samnings við Exxtor Shipping Services: Graham Cook, yfirmaður ABP Connect Shipping Services og Simon Dwyer, framkvæmdastjóri Samskipa Ltd.

Simon hefur kynnt sér starfsemi Samskipa í nokkrum löndum, þar á meðal á Íslandi, og er ánægður: „Samskip eru vinalegt fyrirtæki en rekið af fagmennsku. Samstarfs- hópurinn, sem ég tók við þegar Kristján Pálsson fór, hefur hjálpað mér við að setja mig inn í verkefni og það er augljóst að hann hefur unnið hér gott starf.

Ég ætla að leggja áherslu á að vinna náið með þeim sem starfa við fiskiðnaðinn hér í Bretlandi en það er nauðsynlegt fyrir Samskip. Svo hlakka ég til þess að vinna áfram með því góða starfsfólki sem hér er, að því að byggja upp frekari viðskipti,

sérstaklega á þeim markaði sem ekki tengist Íslandi beint.“

Simon er fjölskyldumaður. Konan hans, Christine, er hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir og starfaði áður í flughernum. Þau eiga tvö börn, tvíburana Eleanor og Alexander sem eru fjögurra ára. „Það er krefjandi en líka mjög gefandi starf að vera faðir þeirra og ég ver mestum hluta frítímans með fjölskyldunni.“ Simon er 37 ára og spilaði fótbolta áður fyrr en lætur nú duga að horfa á aðra spila, segist aðallega halda með Grimsby Town og Liverpool.

## Fiskur og frekari landvinningar

Björgvin Arnaldsson, rekstrarstjóri í Vestmannaeyjum, er að yfirgefa Heimaey með fjölskyldu sinni og flytja til annarrar eyjar, Bretlands. Hann tekur við starfi sölu- stjóra hjá Samskipum Ltd. í Immingham.

„Þetta leggst bara vel í mig,“ segir Björgvin um flutninginn og nýja starfið. „Ég hef komið oft á Humber-svæðið og þekki að- stæður þökkalega vel. Konan mín hefur líka komið þangað; við sigldum með Arn- arfelli til Immingham fyrir tveimur árum.“

Björgvin og eiginkona hans, Auður Bára Ólafsdóttir, eiga tvö börn, eins árs og fjögurra ára. Fjölskyldan hefur búið í Eyjum síðan 1995 þegar Björgvin réðst til starfa hjá Flutningamiðstöðinni. Hann tók við sem rekstrarstjóri Landflutninga-Samskipa í Eyjum í ársbyrjun 1999.

„Ég bjó hér í Eyjum 1986–1990 svo að ég þekkti staðinn vel. Okkur var vel tekið og við eigum mikið af góðum vinum. Þetta er samhent og samhuga bæjarfélag. Einnig hafa Samskip hér á að skipa stórum hópi af fyrsta flokks starfsfólki og góðum félögum, bæði til sjós og lands, sem ég mun auðvitað sakna.“

Björgvin er rekstrarfræðingur og lauk prófi í því fagi á út- gerðarsviði í Tækni- skólanum árið



Björgvin Arnaldsson

1994 svo að hann er á heimavelli í nýja starfinu þar sem hann sér um tengslin við Ísland, einkum flutning á frosnum og ferskum fiski. „Ég mun einnig vinna með Mark Clayton í gámastýringu og -dreifingu,“ segir Björgvin. „Svo verða ýmis önnur verkefni og auðvit- að frekari landvinningar Samskipa.“

## Samskip semja um hafnaraðstöðu í Immingham

Samskip hafa skrifað undir þriggja ára samning við ABP Connect Shipping Services í Bretlandi um hafnaraðstöðu og þjónustu á hafnarsvæði Exxtor Terminal í Immingham í Bretlandi.

Graham Cook, yfirmaður ABP Connect Shipping Services, segist ánægður með samninginn: „Við höfum átt góð sam- skipti og gott samstarf við Samskip

undanfarið og höfum áhuga á að auka viðskiptin í gegnum Exxtor Terminal.“

Exxtor Terminal, dótturfélag ABP Connect, er með starfsemi sína á yfir 30

hektara svæði við Imminghamhöfn. Fyrirtækið veitir þjónustu við löndun og lestun, vörugeymslu og áframsendingu. Á hafnarsvæðinu er 25 þúsund rúm- metra vöruhúsarými og árið 2001 fóru 3,5 milljónir tonna af farmi um svæðið auk 180.000 farartækja.

Samskip styrkja foreldra-  
samtökin Vímulausa æsku:

## Aðstoða foreldra sem hafa áhyggjur af börnum sínunum

Foreldrasamtökin Vímulaus æska, sem reka Foreldrahusið, opnuðu heimasíðu þann 1. október síðastliðinn. Það var Knútur Hauksson, aðstoðarforstjóri Samskipa, sem hleypti heimasíðunni af stokkunum en Samskip eru styrktaraðilar Vímulausrar æsku og hafa styrkt ýmis forvarnaverkefni hjá samtökunum.

Þorsteinn Jóhannsson, varaformaður foreldrasamtakanna, þakkaði Samskipum stuðninginn og sagði meðal annars: „Upphafið að þessu verkefni var rausnarlegur styrkur frá Samskipum, sem gert hefur þetta mögulegt. Vefurinn er enn eitt framfaraskrefið í farsælu starfi Foreldrahusins, og er vefsíðunni ætlað að veita foreldrum, sem áhyggjur hafa af hugsanlegri vímu-efnaneyslu barna sinna, aðstoð auk þess að vera almenn upplýsingaveita um þau



Knútur Hauksson opnar vefsíðu Foreldrahusins. Hjá honum standa Sigurður Hlöðversson vefsmiður og Þorsteinn Jóhannsson, varaformaður foreldrasamtakanna Vímulausrar æsku.

málefni þar sem Foreldrahusið getur orðið foreldrum og öðrum að liði.

Mig langar til að þakka Knúti Hauksyni og eigendum Samskipa mikið vel fyrir þessa höfðinglegu gjóf og bið hann að færa Samskipa-mönnum okkar bestu þakkir. Það er kunnara en frá þurfi að segja hvað stuðningur sem þessi gerir fyrir starfsemi okkar. Opinber framlög til hennar eru takmörkuð og byggist starfsemi sem þessi að mestu leyti á velvilja fyrirtækja og áhugamannafélaga.“

Slóð heimasíðunnar er:  
[www.foreldrahus.is](http://www.foreldrahus.is)

Úr fjarskiptum í flutninga:

## „Fall er fararheill“

– segir Agnar Már Jónsson, nýráðinn framkvæmdastjóri sölu- og markaðs-  
sviðs Samskipa.

Agnar Már Jónsson ætlaði að taka sér stutt fri þegar hann skipti um vinnustað. Það fór þó á annan veg því daginn fyrir friðið missté hann sig illa í badmintonleik og þurfti að hvíla fótinn.

„Fall er fararheill,“ sagði hann þegar hann var spurður um atvikið. „Ég gat ekkert annað gert en að setjast með fæturna upp í loft. Sem betur fer er ég tölvutengdur svo að ég byrjaði bara að vinna.“



Agnar Már Jónsson ásamt Sigurði Andra og Önnu Kristínu.

Agnar Már kemur til Samskipa frá Símanum þar sem hann var framkvæmdastjóri sölu- og markaðs-  
sviðs. Það er því stórt stökk úr fjarskiptum yfir í flutninga en Agnar er spenntur að takast á við starfið: „Ég vissi í sjálfu sér lítið um fjarskipti þegar ég hóf störf hjá Símanum, þannig að nú verð ég í svipuðum sporum. Þetta er ögrun og ég tekst á við hana með aðstoð alls þess hæfa fólks sem starfar í kringum mig hjá Samskipum.“

Agnar lauk prófi í tölvunarfræði frá Háskóla Íslands árið 1991. Hann starfaði hjá Opnum kerfum 1990–1997, m.a. sem

sölu- og markaðsstjóri 1995–1997. Agnar var markaðsstjóri Hugvits árið 1997 og á árunum 1997–1999 starfaði hann sem sölustjóri hjá Evrópu-eild IBM eða þar til hann réð sig sem framkvæmdastjóra sölu- og markaðs-  
sviðs Símans.

Agnar er ekki ókunnur Samskipum því hann seldi félaginu bæði þjónustu og tækni þegar hann starfaði hjá Opnum kerfum, Hugviti og hjá Símanum. „Þó að Samskip séu ungt fyrirtæki á félagið sér lengri sögu. Þarna starfar saman ungt og kappsamt fólk og gamalreindir starfsmenn og þess konar vinnuumhverfi er skilvirkara og minnir um margt á Símann,“ segir Agnar. „Ég hef fylgst með Samskipum gegnum árin og mér finnst frábært hvað starfsfólkið hefur unnið að því að byggja upp öflugt fyrirtæki í viðskiptaumhverfi þar sem annað fyrirtæki var nánast með einokun á markaðinum. Fáar greinar atvinnulífsins búa við jafnharða samkeppni og flutningageirinn og það heillar mig að fá að taka þátt í þeim slag.“

Agnar er fæddur 3. janúar 1964. Hann er giftur Soffíu Dóru Sigurðardóttur og eiga þau þrjú börn: Eiríku Steinunni, 9 ára, Sigurði Andra, 4 ára og Önnu Kristínu, 2 ára. Agnar er áhugamaður um stangveiði og smíðar auk þess sem hann er mikill íþróttáhugamaður. Hann tekur við framkvæmdastjórastarfinu af Kristjáni Má Atlasyni sem hyggur á frekara nám ásamt því að stjórna innflutningsdeild Samskipa.

## Öryggi eftt við flutninga á hættulegum efnum

Bilstjórar stórra flutningabíla Landflutninga-Samskipa hafa fengið afhentar töskur með viðbragðsbúnaði. Búnaðinn á að nota ef minni háttar óhöpp verða við flutning á hættulegum farmi og verða þessar töskur hluti af staðalbúnaði bílanna. Landflutningar eru fyrsta almenna flutningafyrirtækið sem setur slíkan búnað í alla þá bíla fyrirtækisins sem gætu þurft að flytja hættuleg efni.

Með þessu er fyrirtækið að fylgja öryggis-  
stefnu sinni sem og að uppfylla reglugerð um flutning á hættulegum farmi, sem sett er í samræmi við Evrópulög um slíkan flutning.

Fæstar þær vörur sem fluttar eru með Landflutningum-Samskipum flokkast sem hættuleg efni. Þegar slíkur farmur er hins vegar í bílunum eru þeir merktir samkvæmt alþjóðlegum reglum.

# Nýir starfsmenn

## Nýir starfsmenn í söluveild



Mikael Tal Grétarsson

**Mikael Tal Grétarsson** hefur verið ráðinn sölufulltrúi í útflutningsveild. Mikael Tal lauk BSc-gráðu í rekstrarfræðum, með áherslu á alþjóðamarkaðsfræði, frá Tækniskóla Íslands árið 1998 og lokaverkefni hans hlaut verðlaun Útflutningsráðs sem framúrskarandi markaðsáætlun á alþjóðlegum markaði. Hann var deildarstjóri flutningaþjónustu Íslandspósts 1998 og kenndi markaðsfræði við Tækniskólann samhliða öðrum störfum frá 1999. Í október 2000 varð hann forstöðumaður á sviði einkavörumerkja hjá Baugi.



Stefán Rúnar Birgisson

Sambýliskona Mikaela er Þórunn Eva Bogadóttir og eiga þau tvíburadætur. **Stefán Rúnar Birgisson** hefur verið ráðinn sölufulltrúi í Landflutningaveild. Stefán lauk BSc-gráðu í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík árið 2001 en lagði einnig stund á sálfræði. Hann starfaði á rannsókn- og þróunarsviði Baugs með námi og tók við stöðu framkvæmdastjóra Internetkaupa að námi loknu. Stefán á tvo syni.



Sigursteinn Brynjólfsson

**Sigursteinn Brynjólfsson** hefur verið ráðinn sölufulltrúi í innflutningsveild. Sigursteinn nam iðnrekstrarfræði við Tækniskóla Íslands

og lauk BSc-prófi í alþjóðamarkaðsfræði frá sama skóla árið 2001. Hann hefur starfað í markaðsveild Norðurljósa og frá 2001 sem verkefnastjóri í markaðsveild Flugleiða. Sigursteinn er kvæntur Sóleyju B. Erlendsdóttur og eiga þau eina dóttur.

## Nýir starfsmáður í flutningastjórnumardeild

**Pétur Blöndal** hefur verið ráðinn deildarstjóri í flutningastjórnumardeild. Pétur tók skipstjórnumarpróf frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík árið 1997, BSc-próf í viðskiptafræði frá SUNY Maritime College árið 2001 og lauk meistaranámi í flutningastjórnum frá SUNY Graduate School of International Transportation Management í janúar



Pétur Blöndal

2002. Til Samskipa kom Pétur frá NACA Logistics Group í New York þar sem hann hefur starfað sem framkvæmdastjóri innflutningssviðs og útflutningssviðs. Hann hefur einnig starfað sem stýrimáður hjá Samherja um árabíl.

Pétur Blöndal er kvæntur Eyrúnu Einarsdóttur og eiga þau einn son.



Jón Kristófer Arnarson

## Nýir rekstrarstjóri á Austfjörðum

**Jón Kristófer Arnarson** hefur verið ráðinn sem rekstrarstjóri Landflutninga-Samskipa á Austfjörðum. Jón Kristófer starfaði sem fram-

kvæmdastjóri Barra hf. á Egilsstöðum 1993–2002. Hann er garðyrkjufræðingur að mennt en stundar nú fjarnám í viðskipta- og rekstrarfræðum við Háskólann á Akureyri.

Jón Kristófer er fæddur 30. janúar 1962. Hann er kvæntur Kristínu G. Magnúsdóttur og eiga þau þrjú börn.

## Nýir rekstrarstjóri í Vestmannaeyjum

**Guðfinnur Þór Pálsson** hefur verið ráðinn rekstrarstjóri í Vestmannaeyjum. Guðfinnur er með diploma-gráðu í markaðshagfræði



Guðfinnur Þór Pálsson

frá Danmörku og starfaði meðal annars sem framkvæmdastjóri hjá Útivist og sem ráðgjafi hjá Boðmiðlun ehf. Guðfinnur mun formlega hefja störf í Vestmannaeyjum þann 15. desember næstkomandi.

Guðfinnur er 35 ára. Sambýliskona hans er Ragna S. Ragnarsdóttir, þroskaþjálfari og þöfímileiðbeinandi, og eiga þau tvö börn.

## Starfsaldursmerki Samskipa 2002

Á árhátíð Samskipa voru nokkrir starfsmenn heiðraðir fyrir langa og dygga þjónustu. Þessi fengu starfsaldursmerki Samskipa 2002:

### Fyrir 40 ára starfsferil:

Auður Ófeigsdóttir, þjónustufulltrúi í Ísheimum og Jón Ægir Guðmundsson, bílstjóri í gámavallaveild.

### Fyrir 25 ára starfsferil:

Ásgeir Þorláksson, kokkur á Helgafelli, Guðlaug Pálsdóttir, þjónustustjóri innanlandsdeildar, Kristján Ólafsson, deildarstjóri skiparekstrardeildar og Steinn Ómar Sveinsson, yfirstýrimaður og afleysingaskipstjóri á Arnarfelli.



Þau voru meðal þeirra sem Samskip heiðruðu fyrir gott starf. Frá vinstri: Guðlaug Pálsdóttir, Ásgeir Þorláksson, Steinn Ómar Sveinsson og Jón Ægir Guðmundsson.

## Nýir framkvæmdastjóri Jóna Transport hf.

Kristján Pálsson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Jóna Transport hf.

Kristján útskrifaðist sem viðskiptafræðingur frá University of South Alabama í Bandaríkjunum árið 1991 og hóf störf hjá Samskipum sama ár. Hann starfaði fyrst sem sölu- og markaðsfulltrúi á flutningasviði en stýrði jafnframt uppbyggingu á flutningum til og frá Bandaríkjunum. Í ágúst 1995 var hann ráðinn sölustjóri hjá Samskip Ltd. í Bretlandi.



Kristján Pálsson

Í apríl 1998 tók Kristján við stöðu framkvæmdastjóra Bretlandsskrifstofu Samskipa og hefur hann stýrt uppbyggingu fyrirtækisins með góðum árangri.

Kristján hefur, ásamt framkvæmdastjórnum Jóna Transport, unnið að því að byggja upp skrifstofu Jóna í Bretlandi.

Kristján er kvæntur Ernu Ósk Kettler dagskrárgerðarmani og eiga þau tvö börn.

Framkvæmdastjóri sameinaðra fyrirtækja Jóna Transport A/S og Samskipa A/S:

# „Erum sterkari eftir sameininguna“

Steen Osorio er framkvæmdastjóri sameinaðs fyrirtækis Jóna Transport A/S og Samskipa A/S í Danmörku. Hann er 38 ára Íslandsvinur og hefur starfað við flutningsmiðlun síðan hann lauk námi í Copenhagen Business School.

Steen kom hingað fyrst árið 1995 á vegum vinnunnar og var tilgangurinn að kanna möguleika á samstarfi við íslenskt flutningsmiðlunarfyrirtæki. Hann komst fljótt í samband við Flutningsmiðlun sem var meðal

hana líka mjög vel. Það gekk hægar hjá mér enda talaði ég mikið ensku og dönsku í vinnunni.“ Þau fluttu til Danmerkur aftur árið 2000 og Steen tók við starfi framkvæmdastjóra Jóna Transport í Danmörku sem nú hefur sameinast Samskipum.



Steen Osorio

forvera Jóna Transport og tókst afar gott samstarf með honum og forsvarsmönnum Flutningsmiðlunarinnar. „Þetta var á þeim tíma sem verið var að opna fyrir safngámasendingar og í sameiningu náðum við góðri stöðu á markaðinum hér.“

Ferðirnar til Íslands urðu tíðar og árið 1997 flutti Steen hingað með konu og tveggja ára son og hóf störf hjá Flutningsmiðlun, síðar Jónum. „Okkur líkaði mjög vel á Íslandi og við eigum marga íslenska vini. Strákurinn minn var farinn að tala íslensku eftir hálf tölur og konan mín lærði

## Færa út kvíarnar á Norðurlöndum

„Við höldum nafninu Jónar Transport sem vörueiti og það er mjög mikilvægt fyrir viðskiptavinina. Þeir fá áfram sömu þjónustu og skipta við sömu aðila. Það sem liggur fyrir hjá okkur er að færa út kvíarnar á Norðurlöndum. Við tókum yfir Danish Cargo System 1. október síðastliðinn og erum með því orðin leiðandi í flutningsmiðlun á Færeyjamarkaði. Við erum sterkari eftir sameininguna og skiptum nú við meira en 1000 útflutningsaðila á hverju ári. Við bjóðum alla þætti þjónustunnar, flutningsmiðlun, flugfrakt, sjófrakt, vöruhús og tollþjónustu. Við erum mikið í safngámasendingum og flestir viðskiptavinanna eru smá og meðalstór fyrirtæki. Eftir sameiningu og með þessari viðbót er fyrirtækið því orðið þrefalt öflugra og við getum veitt enn meiri þjónustu,“ segir Steen Osorio.

Tuttugu manns starfa nú á skrifstofum Samskipa A/S í Kaupmannahöfn og Árósum.

Samskip A/S kaupa danska flutningsmiðlun:

## Bætt þjónusta á Færeyjamarkaði

Samskip A/S í Danmörku tóku nýlega yfir starfsemi dönsku flutningsmiðlunarinnar Danish Cargo System sem sérhæfði sig í flutningsmiðlun til Færeyja. Danish Cargo System hafði starfað á Færeyjamarkaði um 20 ára skeið.

„Með samruna fyrirtækjanna eru Samskip A/S orðin eitt af leiðandi fyrirtækjum í flutningsmiðlun frá Danmörku á Norður-Atlantshafsmarkaðinn. Samstarfsfólk okkar frá Danish Cargo System býr yfir mikilli þekkingu á þessum markaði og með kaupnum getum við aukið til muna þjónustuna á þessu svæði en það er nokkuð sem við höfum verið að vinna að,“ segir Steen Osorio, framkvæmdastjóri Samskipa A/S í Danmörku.

Tveir fyrrum starfsmenn Danish Cargo System hafa þegar hafið störf hjá Samskipum í Danmörku. Annar þeirra er Lars Palm, fyrrverandi eigandi fyrirtækisins. Hjá Samskipum í Danmörku starfa nú 20 manns á tveimur skrifstofum, í Kaupmannahöfn og í Árósum.

## Leiguskip sekkur við Noreg

Mannbjörg varð er leiguskip Samskipa, Ísfell, sökk um það bil 30 sjómilur undan ströndum Noregs, föstudaginn 11. október.

Sex manns voru í áhöfn Ísfells. Skipstjórinn var Norðmaður en aðrir í áhöfn rússneskir. Skipið var hlaðið um 1000 tonnum af frosnum makríl og síld og var á leið frá Múrmansk til Hollands.

Samskip höfðu haft Ísfell á leigu í um það bil tvær vikur frá Barents Maritime A/S í Noregi. Skipið hafði verið yfirfarið áður en það var leigt og viðamiklar breytingar gerðar, meðal annars settar inn nýjar vélar og frystitæki. Skipið var svo til fulllestað.

## Nýr deildarstjóri í Árósum

Henrik Nielsen hefur verið ráðinn deildarstjóri Samskipa AS í Árósum og mun hafa umsjón með starfsemi þar.

Henrik hefur starfað við sölu- og markaðsmál í flutningsmiðlun í Danmörku og Svíþjóð síðastliðin 20 ár, meðal annars hjá Blue Water Shipping A/S, Aaen Transport Ltd. og Intercontainer Scandinavia AB. Henrik lagði stund á viðskipta- og markaðsfræði við



Henrik Nielsen.

Viðskiptaháskólann í Álaborg og útskrifaðist árið 1991. Hann hafði áður lokið námi í flutningsmiðlun. Henrik tók til starfa 1. nóvember síðastliðinn.

Henrik Nielsen fæddist árið 1963. Hann er kvæntur og tveggja barna faðir.

Samstarf Landflutninga-Samskipa og FÍB:

# Aðstoða erlenda ferðamenn í vandræðum

Miklar annir hafa verið á undanförunum mánuðum hjá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda við að aðstoða erlenda ferðamenn sem hingað hafa komið á eigin bilum. Ferðamennirnir hafa lent í margs konar vandamálum vegna bilana og óhappa. Við úrlausn þeirra hefur FÍB oft leitað til Landflutninga-Samskipa enda spannar leiðakerfi þeirra allt landið. Samvinnan hefur orðið til þess að flyta úrvinnslu vandamála sem upp hafa komið á þjóðvegum landsins.

Í kjölfar hinnar miklu og góðu samvinnu sem tekist hefur á milli starfsfólks FÍB og Landflutninga-Samskipa hefur verið ákveðið að gera samstarfssamning sem tryggir það að félagsmenn FÍB á þjóðvegum landsins fái ávallt bestu og skjótustu afgreiðslu sem völ er á. Er samstarfið mikil traustyfirlysing á leiðanet og áætlunarkerfi Landflutninga-Samskipa. Þá fá félagsmenn FÍB

afslátt af flutningsgjöldum Landflutninga-Samskipa.

Samningurinn felur í sér að Landflutningar-Samskip taka að sér flutning á ökutækjum á vegum FÍB milli staða á Íslandi og á milli landa þegar það á við. Þá tekur félagið að sér að flytja varahluti lands-horna á milli fyrir FÍB.



Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB og Óskar Garðar Hallgrímsson, sölustjóri innanlandsdeildar Landflutninga-Samskipa.

Samningur Samskipa og Vegagerðarinnar framlengdur:

## Ferðum Herjólfss fjölgað um 73 á ári

Vegagerðin og Samskip hafa undirritað samning um áframhaldandi rekstur Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfss. Samningurinn felur í sér fjölgun ferða um 73 ferðir á ári frá því sem nú er. Samtals hefur þá ferðum Herjólfss fjölgað um allt að 130 á ári frá því að Samskip tóku við rekstri ferjunnar í ársbyrjun 2001.

Samkvæmt nýju áætluninni fer Herjólfur frá Eyjum klukkan 8.15 og 16.00 og frá Þorlákshöfn kl. 12.00 og 19.30. Nánari upplýsingar eru veittar í afgreiðslum Herjólfss.

Við undirritunina var samningur Samskipa og Vegagerðarinnar framlengdur um tvö ár, til ársloka 2005, samkvæmt heimildarákvæði í upphaflegum verksamningi.

## Löndunarþjónusta í Noregi

Í sumar starfræktu Samskip löndunarþjónustu í Noregi. Fyrir valinu varð staðurinn Leknes á Lofoten og var samið þar við Lofotterminalen A/S um losun á skipunum, geymslu á afurðum og aðra þjónustu við skipin. Fyrirtækið Lofotterminalen A/S er með nýjar, vel búnar frystigeymslur sem eru á bryggjukantinum og taka samtals 5000 tonn. Bryggjupláss eru tvö, annað 126 m og hitt 80 m og er dýpi frá 7 m upp í 12 m.

Fyrsta skipið landaði þann 5. júní, 870 tonnum. Síðasta skipið landaði 25 sept. Samtals var landað í Leknes 5.400 tonnum í þrettán löndunum á vegum Samskipa.

Að sögn Óskars Gíslasonar hjá Útflutningsdeild Samskipa, sem hafði umsjón með löndunarþjónustunni, fólst hún í því að sjá

um losun, útvega kost, sjá um viðgerðir og aðstoða við að útvega ýmsa hluti, læknisþjónustu, panta farmiða fyrir þá sem eru á leið í frí og margt fleira. „Samstarf við Lofotterminalen hefur gengið mjög vel og þeir aðilar sem nutu þjónustu okkar við Lofoten hafa lýst ánægju sinni með samstarfið.“

Samskip og BÚR fagna strikamerkjavæðingu:

## Innleiðing hefur gengið hratt og vel

Vörudreifingarmiðstöð Samskipa hefur verið strikamerkjavædd. Innleiðingin var gerð í þremur áföngum og tók um eitt og hálft ár með greiningar- og undirbúningsvinnu. Kerfið er einfalt í notkun og hafa starfsmenn verið mjög fljótir að átta sig á virkni þess.

Innleiðingin gekk hratt og vel fyrir sig, án þess að hafa áhrif á umfangsmikla þjónustu BÚRS við viðskiptavinum sína. Vörudreifingarmiðstöðin þjónar 150 verslunum og 80 birgjum í gegnum BÚR. Þar vinna 40 manns á vöktum allan sólarhringinn. Meðhöndlað

ar eru 200.000 tínslueiningar eða kassar í hverjum mánuði og eru mánudagar annasömustu dagar vikunnar með allt að 15.000 tínslur. Arangur af strikamerkjavæðingunni hefur verið fljótur að koma í ljós.

Hugur ehf. forritaði hugbúnaðinn.

Viðhorfskönnun innan Samskipa og Jóna Transport:

# Starfsánægja og ekkert stress

Starfsánægja meðal starfsmanna Samskipa og Jóna Transport er mikil og nokkuð yfir meðallagi ef miðað er við íslensk fyrirtæki. Þetta kom fram í viðhorfskönnun sem gerð var innan fyrirtækjanna í sumar.

Samkvæmt könnuninni mælist starfsánægjan 4,10 á fimm stiga skala en meðaltal hjá íslenskum fyrirtækjum er 3,95. Talsverður munur er þó á svörum milli deilda.

Markmiðið með könnuninni var að fá vitneskju um það hvernig starfsfólkið metur vinnuumhverfi sitt. Spurt var um skoðun þess á aðbúnaði, tækjum, sveigjan-

leika í starfi, væntingar þess til starfs, vinnuálag, upplýsingaflæði og fleira.

Almennt voru starfsmenn sammála um að farið væri eftir reglum um vinnuvernd og öryggismál. Þá mældist streita undir meðallagi og verkleg hæfni starfshópa er almennt góð.

## Sjálfstraust

Í ljós kom að starfsmenn Samskipa og Jóna Transport mælast með mjög hátt sjálfstraust í starfi og eru allar deildir fyrir-tækjanna þar yfir meðallagi miðað við það sem gerist hjá íslenskum fyrirtækjum. Hrósi eða viðurkenning fyrir vel unnin störf er almennt tíðari hjá Samskipum en gengur og gerist í fyrirtækjum hérlendis.

Tæplega 27% starfsmanna hafa hug á að starfa áfram innan fyrirtækisins út starfsævina. Þetta er hátt hlutfall miðað við íslensk fyrirtæki.

Í heild voru niðurstöður jákvæðar en ýmsar vísbendingar komu fram innan einstakra deilda um það sem betur má fara. Þessi könnun er þannig mikilvægt tæki til að huga að aðbúnaði starfsmanna og vinnuumhverfi. Ráðgjafarfirmið Price-WaterhouseCoopers sá um framkvæmd og úrvinnslu könnunarinnar og verða niðurstöðurnar notaðar til að gera góðan vinnustað enn betri.

## Samskipafólk í fréttum



Það var glatt á hjalla í tjaldinu hjá Samskipum á Sjávarútvegssýningunni þar sem Papar léku fyrir gesti.



Samskip slógu upp tjaldi við Sjávarútvegssýninguna þar sem boðið var upp á hressingu í dagslok. Það var fjölsóttur áningarstaður.



Kristín Ösp Þorleifsdóttir spjallaði við gesti sýningarinnar Matur 2002.



### Makarnir með í vinnuna

Starfsgleðinefnd Samskipa bauð mökum starfsmanna í húsakynni félagsins, miðvikudaginn 8. maí síðastliðinn. Markmiðið með boðinu var að kynna vinnustaðinn fyrir mökum, bæði umhverfi starfsmanna og viðfangsefni þeirra.

Undanfarin ár hafa Samskip tekið þátt í átakinu: Dæturnar með í vinnuna. Félagið hefur einnig staðið fyrir átakinu: Synirnir með í vinnuna og því má segja að í ymsum tilvikum hafi það aðeins verið makinn sem ekki þekkti vinnustaðinn. Áhersla var lögð á að makarnir hefðu það gott á meðan þeir fræddust um vinnustaðinn Samskip, umhverfi starfsmanna og viðfangsefni þeirra. Líður í því var að bjóða upp á rjúkandi heitt sukkulaði.



Strætisvagnar óku fólk um vinnusvæði Samskipa. Ólafur Ólafsson, forstjóri Samskipa, og Ingibjörg Kristjánsdóttir, kona hans, voru meðal þeirra sem fengu far.

# Fjölmenning og fjör

Fjölmenning tók þátt í fjölskylduhátíð Landflutninga-Samskipa sem haldin var í sumar. Meðal atriða var góðaksturs- og þrautakeppni þar sem kepptu lið frá flutningsfyrirtækjum og vann A-lið Landflutninga-Samskipa. Boðið var upp á veitingar og fjölmargt til skemmtunar fyrir yngri og eldri gesti.



Dómarar bera saman bækur sínar í góðaksturskeppninni.



Gestir fengu meðal annars að setjast upp í stóru trukkana hjá Landflutningum.



Hoppþrólar og hoppkastalar vöktu mikla hringningu meðal barnanna.

## Aukin þjónusta við birgja og verslanir

Landflutningar-Samskip hafa innleitt nýjan þjónustupátt í innanlandskerfið sem er dreifing á vörum fyrir birgja til verslana á stór-Reykjavíkursvæðinu. Þetta fyrirkomulag eykur mjög hagræðingu bæði fyrir birgja og verslanir því að hægt er að flytja vörur frá mörgum birgjum í einni sendingu.



Undirritun samstarfssamnings við Norðlenska. Óskar Garðar Hallgrímsson, sölustjóri Landflutninga-Samskipa, Karl Steinar Óskarsson, markaðsstjóri Norðlenska, og Óskar Óskarsson, deildarstjóri innanlandsdeildar Landflutninga-Samskipa.

Hvatamenn að þessu samstarfi voru forsvarsmenn Norðlenska ehf. Í framhaldi af því var samið við Norðlenska, Reykjararð hf. og BÚR ehf. Norðlenska og Reykjararður eru með ferskar kjötvörur en BÚR ehf. með grænmeti og ávexti.

Karl Steinar Óskarsson, markaðsstjóri Norðlenska, segir reynslu af samstarfinu góða. „Þetta samstarf þýðir að verslanirnar fá betri þjónustu og varan kemur fyrr inn. Dreifingin er mikilvægur hluti af þjónustunni því að Norðlenska selur nánast

öllum matvöruverslunum á landinu. Norðlenska er 200 manna markaðsdrifið matvælaframtæki með starfsstöðvar á Akureyri, Húsavík og í Reykjavík auk þess sem fyrirtækið tengist Íslandsflugli á Dalvík. Vinnslan er nokkuð sérhæfð eftir stöðum. Á Húsavík fer til dæmis fram öll slátrun og vinnsla á lambakjöti en á Akureyri á nautgripum. Við seljum samt langmest á höfuðborgarsvæðinu svo að stóran hluta framleiðslunnar þurfum við að keyra yfir Holtavörðuheidi,“ segir Karl Steinar.

Samkvæmt dreifingarsamningunum eru vörur sóttar til viðkomandi fyrirtækis. Þeim er síðan ýmist dreift beint frá birgjum eða þær teknar inn til Landflutninga í Skútuvogi þar sem sendingarnar eru sameinaðar til verslana.

Allt að átta sendibílar eru notaðir við dreifingu á vörum og þess gætt að flutningar fylgi GAMES-gæðastöðlum enda oft um viðkvæma vöru að ræða. Virkt upplýsingakerfi tryggir að vel sé haldið utan um upplýsingar um sendingarnar, allt frá framleiðanda til verslana.

### Samskip BV: Öflugur dreifingaraðili

Samskip BV í Rotterdam og hollenska fyrirtækið Traffic BV hafa undirritað samstarfssamning sem eykur þjónustumöguleika Samskipa við viðskiptavinum til muna.

Samningurinn tekur til þjónustu frá sendanda í vöruhús Samskipa og Jóna Transport á Íslandi. Hann felur meðal annars í sér vöruhúsþjónustu í Hollandi en vöruhús Traffic BV er vel búð tæknilega og þykir aðstaðan með því besta sem gerist í Evrópu.

Björn Einarsson, framkvæmdastjóri Samskipa BV, segir þennan samning afar hagstæðan fyrir Samskip og Jóna Transport: „Með þessum samstarfssamningi erum við hluti af heildarkerfi sem gerir okkur kleift að veita hagkvæmstu lausnirnar á markaðinum samhliða mjög háu þjónustustigi. Það er stefna bæði Samskipa BV og Traffic BV að vikka út samstarfið í aðrar flutningaleiðir Samskipa BV. Við höfum hingað til haft allmarga þjónustuaðila í Evrópulöndum en stefnan er klárlega sú að vera með fáa samstarfsaðila og þá bestu sem völ er á.“